



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 55/2016

## Auðkennið Rental1

### I.

#### Erindið

Með bréfi Route1 Car Rental ehf., dags. 26. febrúar 2016, var kvartað yfir notkun Go Green Car Rental ehf. á vefsíðunni [www.rental1.is](http://www.rental1.is). Go Green Car Rental hafi sett í loftið vefsíðuna [www.rental1.is](http://www.rental1.is). Með því telji Route1 Car Rental að fyrirtækið sé að notfæra sér þá markaðssetningarvinnu sem Route1 Car Rental hafi lagt í varðandi [www.route1.is](http://www.route1.is). Við það geti Route1 Car Rental ekki unað, auk þess sem ruglingur á fyrirtækjum geti valdið Route1 bílaleigu tjóni.

Í daglegu tali þá sé Route1 Car Rental jafnan nefnt Route1. Route1 Car Rental líti svo á að með síðunni [rental1.is](http://rental1.is) sé Go Green Car Rental meðvitað að líkja eftir léninu [route1.is](http://route1.is). Route1 Car Rental hafi ekki farið varhluta af þessum ruglingi og taki því mjög alvarlega. Telji Route1 Car Rental það víst að eigandi [rental1.is](http://rental1.is) sé að sækjast eftir þessum ruglingi þar sem Go Green Car Rental njóti góðs af markaðssetningu og stöðu [route1.is](http://route1.is) á markaði. Það sé ekki að tilefnislausu sem Route1 Car Rental hafi vaxandi áhyggjur af þessu.

Sem dæmi um þennan rugling hafi það gerst nokkrum sinnum árið 2015 að viðskiptavinir Go Green Car Rental hafi hringt frá Leifsstöð í Route1 og sagst vera að bíða eftir að fá bíl afhentan en enginn væri á staðnum til að taka á móti þeim. Ótækt sé með öllu að þurfa að svara fyrir og leiðrétta þennan misskilning jafnt að degi sem nóttu.

Einnig hafi starfsfólk merkt Route1 verið stoppað í Leifsstöð og því haldið fram við það að viðkomandi ætti pantaðan bíl hjá Route1 Car Rental sem ekki hafi verið rétt. Ekki virðist ætla að draga úr þessum ruglingi á fyrirtækjunum. Í janúar 2016 hafi Route1 Car Rental fengið tölvupóst frá lögfræðiskrifstofu sem hafi verið að vísa aðila á félagið þar sem fullyrt hafi verið við þá að fyrirtækið Route1 Car Rental væri til sölu. Þar hafi enn og aftur verið um rugling að ræða því Go Green Car Rental ([rental1](http://rental1)) sé til sölu en vísað hafi verið á Route1 Car Rental.

Að auglýsa upp fyrirtæki og gera það sýnilegt á markaði sem að stærstum hluta noti internetið sé bæði tímafrekt og kostnaðarsamt. Að viðhalda viðskiptavild og ímynd fyrirtækisins sem verði til þegar viðskiptavinir mæli með því milli sín, eftir að hafa notið þjónustunnar, geti skipt



gríðarlegu máli. Eins geti illt umtal vegna lélegrar þjónustu aftrað fólki frá því að eiga viðskipti við fyrirtækið og því valdið miklum skaða. Ummæli viðskiptavina á Tripadvisor og sambærilegum netsíðum þar sem viðskiptavinir gefi fyrirtækinu einkunn eða tjái sig um þjónustu þeirra skipti miklu máli. Að reyna að leiðrétta rangfærslur á netinu þegar rangt sé farið með staðreyndir vegna þess að fyrirtækjum sé ruglað saman sé langt frá því að vera einfalt og oftast en ekki sé skaðinn skeður.

Að lokum sé tekið fram að Route1 Car Rental bílaleiga hafi verið stofnuð og hafi skráð lénið route1.is, þann 18. janúar 2010. Route1 Car Rental bílaleiga sé orðin mjög vel sýnileg á google.com sem skipti gríðarlegu máli varðandi markaðssetningu á netinu. Hlutir sem þessir gerist ekki að sjálfu sér. Lagt hafi verið í mikla markaðssetningu á vegum fyrirtækisins og lögð hafi verið mikil vinna í að koma nafni og lógói fyrirtækisins sem víðast. Route1 Car Rental þyki með öllu óviðunandi að Go Green Car Rental geti ekki komið sér á framfæri á eigin verðleikum án þess að nota líkindi sem þessi með það að markmiði að njóta þeirrar markaðsvinnu sem unnin hafi verið af Route1 Car Rental. Óskað sé eftir ákvörðun frá Neytendastofu áður en lengra sé haldið.

## II.

### Málsmeðferð

#### 1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 3. mars 2016, var bréf Route1 Car Rental sent Go Green Car Rental til umsagnar. Jafnframt var athygli vakin á því að í bréfi Route1 Car Rental hefði ekki verið vísað til lagaákvæða. Neytendastofa benti á að ákvæði 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, kynnu að koma til álita í málinu. Svar barst með bréfi Go Green Car Rental, dags. 4. mars 2016. Í bréfinu kemur fram að Go Green Car Rental telji að áhyggjur Route1 Car Rental séu ástæðulausar og óþarfar. Go Green Car Rental geti fullvissað Route1 Car Rental um að forráðamenn Rental1 séu ekki, hafi aldrei og muni aldrei hafa viðskipti af Route1. Hvorki viljandi né óviljandi. Þaðan af síður muni verða reynt að rugla viðskiptavinum eða búa til markaðshlutdeild út úr þeirri góðu vinnu sem Route1 hafi þegar lagt í. Því til sönnunar megi benda á að staða Rental1 á Google standi Route1 langt að sporði. Muni þar miklu því Route1 sé á fyrstu síðum Google á meðan Rental1 hengslist kannski á 11. síðu. Hafa beri í huga að leitarniðurstöður sem komi eftir fjórðu til fimmtu síðu séu nánast gagnslausar á Google. Því sé með öryggi hægt að segja að meintar tilraunir Rental1 til að stela markaðshlutdeild frá Route1 hafi hvorki verið reyndar né hafi þær skilað árangri.

Þessu til frekari sönnunar sé Go Green Car Rental ljúft að fræða Neytendastofu og Route1 Car Rental um tilurð heitisins Rental1 sem sýni óyggjandi að ómögulegt sé að það hafi verið stofnað til höfuðs Route1. Fyrir um 12 árum, snemmárs 2004, hafi verið stofnað félag í Hafnarfirði sem heiti Geymsla Eitt. Það fyrirtæki sérhæfi sig í leigu á húsnæði og geymslum. Þar sem inntak og tilgangur Geymslu Eitt sé „leiga“ þá hafi fyrirtækið skráð tvö vörumerki hjá



Einkaleyfastofu samhliða vörumerkinu Geymsla 1. Það hafi verið vörumerkin Leiga 1 og Rental 1. Séu þessi tvö vörumerki í raun samrit af vörumerki/logo Geyslu Eitt eins og megi sjá á geysla1.is og rental1.is. Vörumerkið Rental1 sé ensk þýðing á vörumerkinu Leiga 1 sem sé aftur lýsing á inntaki/tilgangi Geyslu Eitt. Hugmyndin var strax árið 2004 að þessi þrjú vörumerki myndu tengjast saman í gegnum systurfyrirtæki og kallast á þar sem þau væru eins að upplagi og í byggingu. Sé þessi samtenging vörumerkja í markaðssetningu vel þekkt erlendis. Megi í því tilliti nefna forskeytið Easy-þetta og Easy-hitt. Geysla Eitt sem eigandi vörumerkisins Rental1, lánaði það vörumerki til Go Green Car Rental sem sé systurfyrirtæki Geyslu Eitt. Það megi því hafa verið meiri framsýnin og yfirskilvitlegir sjáandahæfileikar að hafa lagt á ráðin um það strax árið 2004 að hafa viðskipti af óstofnuðu fyrirtæki Route1 sem hafi ekki komið fram á sjónarsviðið fyrr en 2010.

Þau atriði sem Route1 Car Rental telji til séu sem betur fer hvorki mörg né alvarleg. Það að hringt sé í rangan aðila á sama markaði sé einfaldlega það að hringt sé í skakkt númer sem gerist á hverjum degi í öllum fyrirtækjum landsins og einnig hjá Rental1. Það að starfsfólk Route1 sé ávarpað af óvönnum ferðamönnum í kraðakinu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar sé vonandi meinlaust. Það að einhver lögfræðingur skuli ekki ástunda vandaðri vinnubrögð en þau að takast að senda röngu fyrirtæki ábendingu fyrir viðskiptavin sinn geti varla verið á ábyrgð ætlaðs viðtakanda. Telji Go Green Car Rental það líklegt að þar hafi lögfræðingurinn ætlað að senda á bílaleigu sem byrjaði á R og var í Hafnarfirði. Í öllu falli geti það alls ekki vitnað um illan ásetning viðtakanda þótt sendandi sendi á vitlausan stað.

Ef Route1 Car Rental geti lagt fram eitt einasta tilvik þar sem fyrirtækið hafi raunverulega orðið fyrir skaða af völdum Go Green Car Rental þá bjóði Go Green Car Rental fyrirtækinu hér með í votta viðurvist að greiða því fullar bætur fyrir það. Sama gildi um alla framtíð. Verði Route1 Car Rental fyrir tjóni eða missi af völdum Go Green Car Rental. Svo visst sé Go Green Car Rental um að fyrirtækið hafi ekki orðið fyrir tjóni og muni ekki verða fyrir tjóni. Ástæðan sé sú að Go Green Car Rental vilji ekki og ætli aldrei að valda Route1 Car Rental tjóni. Þvert á móti vilji Go Green Car Rental fyrirtækinu allt hið besta og hafi í raun vísað þangað leigjendum sem Go Green Car Rental hafi ekki getað sinnt. Þannig myndi Go Green Car Rental gjarnan vilja vinna með Route1 Car Rental og alls ekki á móti. Í öllu falli megi Route1 Car Rental snúa sér beint til Go Green Car Rental með allar sínar áhyggjur og athugasemdir. Fyrirtækin hafi alla tíð verið á góðum viðræðunótum og séu það ennþá frá hendi Go Green Car Rental.

Eins og Route1 Car Rental viti ósköp vel þá komi það fyrir að viðskiptavinir bílaleiga gefi upp rangar eða ónákvæmar upplýsingar. Svo sem að gefa upp flugnúmer og/eða komutíma en birtist síðan með allt öðru flugi eða á öðrum tíma. Þar sem erfitt sé að sjá við slíku þá geti téðir viðskiptavinir verið strandaðir rétt á meðan unnið sé úr málum. Á þeim tíma gætu sömu mistæku viðskiptavinirnir hringt í ranga bílaleigu að grennslast eftir sínum bíl. Þetta komi iðulega fyrir hjá öllum bílaleigum. Bæði það að fá rangar upplýsingar og að það sé hringt og spurt eftir bílnum hjá öðrum bílaleigum. Algjörlega sé klárt að Rental1 hafi sinnt hverri einustu



leigu til sinna viðskiptavina. Því sé það ómögulegt að gengið hafi verið fast á Route1 Car Rental eftir lausn á þeim málum. Enda skjóti það verulega skökku við ef rétt sé að Rental1 sé með einbeittan vilja og þaulskipulagningu við að stela viðskiptum af Route1 Car Rental en nenni á sama tíma ekki að sinna viðskiptavinum almennt.

Notkun firmamerkisins Rental1 byggist á skráningu og eign Geymslu Eitt á vörumerkinu Rental1. Geymsla Eitt hafi fengið það vörumerki skráð án athugasemda. Hafi Go Green Car Rental það vörumerki að láni. Fyrir utan að firmaheitin Route1 og Rental1 byrji bæði á bókstafnum R og endi á tölustafnum 1, þá séu þau frekar ólík. Orðið „route“ vísi til ákveðinnar leiðar, en orðin „rental“ vísi til leigu. Orðin beri því með sér gjörólíka merkingu sem sé ennþá ljósari og eðlislægari erlendu fólki. Að auki séu logi-in svo ólík að ómögulegt sé að villast á þeim. Ennfremur sé um að ræða notkun á almennum orðum. Lénið rental1.is hafi verið laust fyrir þá sem það hafi viljað. Að lokum sé endingin 1 mjög algeng meðal fyrirtækja. Svo sem Skjár 1, N1, Geymsla 1 og fleiri. Notkun Rental1 hafi staðið athugasemdalaust síðan snemmárs 2014.

Go Green Car Rental staðhæfi að Rental1 hafi og muni veita fyrsta flokks þjónustu áframhaldandi sem hingað til. Ekkert gefi tilefni til að ætla að Rental1 hafi veitt eða muni veita nokkuð verri þjónustu heldur en aðrar bílaleigur eða Route1 veiti eða hafi veitt. Route1 Car Rental hafi því enga ástæðu til að ætla að þjónusta Rental1 verði til þess að draga niður fyrirtækið Route1.

## 2.

Með bréfi Neytendastofu til Route1 Car Rental, dags. 21. mars 2016, var bréf Go Green Car Rental sent til umsagnar. Svar barst með bréfi Route1 Car Rental, dags. 30. mars 2016. Í bréfinu kemur fram að bréf Go Green Car Rental breyti ekki neinu varðandi erindi Route1 Car Rental. Afstaða fyrirtækisins sé óbreytt frá því sem hafi verið þegar kvörtunin hafi verið send inn. Óskað sé eftir ákvörðun Neytendastofu í málinu.

## 3.

Með bréfi Neytendastofu til Go Green Car Rental, dags. 7. apríl 2016, var bréf Route1 Car Rental, dags. 30. mars 2016 sent til umsagnar.

Ekkert svar barst.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 9. júní 2016 var tilkynnt að gagnaöflun málsins væri lokið og að það yrði tekið til ákvörðunar Neytendastofu.

## III. Niðurstaða



## 1.

Í máli þessu kvartar Route1 Car Rental ehf. yfir notkun Go Green Car Rental ehf. á auðkenninu Rental1. Telur Route1 Car Rental að ruglingshætta sé milli auðkennisins og auðkennisins Route1 og að verið sé að nýta sér viðskiptavild fyrirtækisins. Nokkur dæmi séu einnig um að ruglast hafi verið á fyrirtækjunum. Af hálfu Route1 Car Rental er þess krafist að Neytendastofa taki málið til ákvörðunar.

Af hálfu Go Green Car Rental er því hafnað að brotið sé gegn rétti Go Green Car Rental. Bæði séu auðkennin og logo fyrirtækjanna ólík. Það sé algengt og ekki óeðlilegt að viðskiptavinir rugli saman fyrirtækjum í sama bransa. Þá sé það ekki ætlun Go Green Car Rental að nýta viðskiptavild Route1 Car Rental.

## 2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Ákvæðið felur í raun í sér þrens konar reglu þar sem fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma annars vegar almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á og hins vegar bann við því að reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Ákvæði 2. másl. felur í sér bann við því að nota eigið auðkenni þannig að ruglingshætta skapist við auðkenni annarra. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarkrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögg að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á það veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. másl. Síðari hluti 1. másl. og 2. másl. eiga við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun veiti villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð eða valdi því að ruglingshætta skapist milli aðila.



### 3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlist einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint fyrirtækið eða vöru þess eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því að jafnaði við að merkið sé almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem fyrirtækið býður. Við mat á ruglingshættu er einnig litið til þess hvort fyrirtækin starfi á sama markaði, með hvaða hætti auðkennin eru notuð og hvort þau beini vöru eða þjónustu að sama markhópi.

Ljóst er að Route1 Car Rental hefur óslitið frá byrjun árs 2010 notað auðkenni sitt „Route1“ og samsvarandi myndmerki í markaðssetningu fyrirtækisins. Fyrirtækið heldur úti vefsíðu undir eigin lénum, þ.e. route1.is og route1carrental.is, sbr. lénaskrá ISNIC. Ljóst er að Go Green Car Rental hefur frá byrjun ársins 2014 notað auðkenni sitt „Rental1“ og samsvarandi myndmerki í markaðssetningu fyrirtækisins. Þá hefur fyrirtækið skráð myndmerkið RENTAL 1, sbr. skráningu í vörumerkjaskrá Einkaleyfastofu nr. 196/2014, frá 1. apríl 2014. Fyrirtækið heldur úti vefsíðu undir eigin léni, þ.e. rental1.is, sbr. lénaskrá ISNIC. Neytendastofa telur að ofangreindu virtu að báðir aðilar hafi tilkall til auðkenna sinna og því kemur 2. málsl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 til álitu í málinu.

Báðir aðilar máls reka bílaleigu, hafa aðsetur í Hafnarfirði og bjóða þjónustu sína á Keflavíkurflugvelli. Af markaðssetningarefni beggja aðila er ljóst að þeir beina báðir markaðssetningu sinni að sama markhópnum, þ.e. erlendum ferðamönnum. Ljóst er því að aðilar máls eru keppinautar, mikil þjónustulíking er með starfsemi þeirra og þeir starfa á sama markaðssvæði.

Myndmerki Route1 Car Rental er mikið stílfært. Um er að ræða lóðréttan tölustafinn 1 með þykkum rauðum útlínum á hvítum fleti. Innan tölustafsins er að finna orðið ROUTE lóðrétt í þykkum hástöfum. Myndmerki Go Green Car Rental er minna stílfært. Um er að ræða langan láréttan ferhyrning með þykkum svörtum útlínum á hvítum fleti. Innan ferhyrningsins er að finna orðið RENTAL í svörtu letri á hvítum fleti. Hægra megin innan ferhyrningsins beint í framhaldi af orðinu RENTAL er að finna tölustafinn 1 í hvítu letri á svörtum fleti.

Bæði auðkenni byrja á bókstafnum R og enda á tölustafnum 1. Annars vegar er um að ræða almenna enska orðið „Rental“ sem þýðir leiga og hins vegar er um að ræða almenna enska orðið „Route“ sem þýðir leið eða vegur. Að mati Neytendastofu eru bæði orðin lýsandi fyrir starfsemi aðila en að orðið Route sé að nokkru leyti minna lýsandi fyrir starfsemi Route1 Car Rental. Neytendastofa telur að líkindi með orðmerkjunum, lénunum eða myndmerkjunum séu ekki það mikil að valdi ruglingshættu hjá neytendum.



Neytendastofa telur þrátt fyrir hina miklu þjónustulíkingu og markaðssvæðis aðila að myndmerki aðila séu það ólík að ekki valdi ruglingshættu. Enn fremur eru heiti aðila almenn og lýsandi fyrir þá starfsemi sem báðir aðilar starfa að. Að ofangreindu virtu telur Neytendastofa einkarétt Route1 Car Rental til auðkenna sinna ekki leiða til þess að Go Green Car Rental verði talin hafa brotið gegn 15. gr. a., sbr. og 5. gr. laga nr. 57/2005.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“**

Neytendastofa, 14. október 2016

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir